



GJALDSKRÁ fyrir leikskólagjöld í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. janúar 2024

1. gr.

Dvalargjald:

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.....	1.100 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 4 klt. á dag.....	17.600 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 klt. á dag.....	22.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 6 klt. á dag.....	26.400 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 7 klt. á dag (08:00 – 15:00).....	30.580 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 8 klt. á dag.....	34.760 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

Fæðisgjald:

Morgunmatur.....	2.600 kr.
Hádegismatur.....	5.775 kr.
Siðdegiskaffi.....	2.080 kr.
Fullt fæði.....	10.450 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfelld. Afsláttur af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við leikskólalastjóra.

2. gr.

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá leikskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. ágúst 2023.

Snæfellsbær, 7. desember 2023

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri